

L Ö G

114

29. des.

um breyting á lögum nr. 46 5. apríl 1948, um fiskmat og meðferð, verkun og útflutning á fiski.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallið á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

6. gr. laganna orðist svo:

Yfirlfiskmatmenn skulu vera alls átta á landinu:

1. Einn yfirlfiskmatsmaður á Vestfjörðum með búsetu á Ísafirði.
2. Einn yfirlfiskmatsmaður á Norðurlandi með búsetu á Akureyri.
3. Einn yfirlfiskmatsmaður á Austurlandi með búsetu á Seyðisfirði.
4. Einn yfirlfiskmatsmaður í Vestmannaeyjum.
5. Einn yfirlfiskmatsmaður, sem hafi sérþekkingu á meðferð og verkun harðfisks og leiðbeini um skreiðarmat um land allt.
6. Þrjú yfirlfiskmatmenn á Suðurlandi með búsetu í Reykjavík. Skal einn þeirra hafa sérþekkingu á meðferð og verkun saltfisks, en annar sérþekkingu á meðferð og verkun freðfisks og öðru því, er lýtur að þeirri framleiðslu.

Yfirlfiskmatmenn skulu starfa undir stjórn fiskmatsstjóra og bera ábyrgð á störfum sínum gagnvart honum.

Fiskmatsstjóri getur kvatt yfirlfiskmann til starfa utan umdæmis hans, þegar sérstaklega stendur á og þörf krefur.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 29. desember 1952.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Bjarni Benediktsson.

AUGLÝSING

115

17. des.

um gildistöku laga nr. 26 18. febrúar 1943, um breyting á áfengislögum, nr. 33 9. jan. 1935.

Með vísun til 2. gr. laga nr. 26 18. febrúar 1943 hefur farið fram athugun á því, hvort lög þessi kunni að brjóta í bága við milliríkjasamninga, og hefur niðurstaða þessara athugana orðið, að svo sé ekki. Auglýsist því hér með, samkvæmt því sem fyrir er mælt í fyrrnefndri lagagrein, að lög nr. 26 18. febrúar 1943 öðlast nú gildi.

Í dómsmálaráðuneytinu, 17. desember 1952.

Bjarni Benediktsson.

Gústav A. Jónasson.